

Nefndarsvið Alþingis  
nefndasvið@althingi.is


Kópavogi 26. nóvember 2014.

**Efni: Umsögn Kapólsku kirkjunnar á Íslandi, kt. 680169-4629 Hávallagötu 14-16, 101 Reykjavík, um mál nr. 41. Frá efnhagas-og viðskiptanefnd Alþingis, 144. Löggjafarþing 2014-2015, Þingskjal 41-41. mál.**

Með netskeyti, dags. 20. nóvember 2014 var m.a. Kapólsku kirkjunni á Íslandi sent til umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurbygging og viðhald kirkna), 41. mál. Kapólska kirkjan á Íslandi vill þakka fyrir þetta tækifæri og óskar eftir því að koma eftirfarandi atriðum að til umsagnar.

- 1) Að mati Kapólsku kirkjunnar væri til bóta ef gildistími þessara breytinga sem tillaga er gerð um í fyrirbyggjandi frumvarpi yrði lengdur, þ.e.a.s. myndi gilda lengur en til. 1. janúar 2015, það myndi strax horfa til bóta ef gildistími yrði ákveðin a.m.k. til 31. desember 2015, og eða lengur.
- 2) Í annan stað þá vill Kapólska kirkjan á Íslandi koma þeim athugasemdum á framfæri að til bóta væri ef endurgreiðslan myndi ekki eingöng ná til viðhalds kirkna eða samkomuhúsa heldur einnig til húsnæðis sem notað er fyrir safnaðarstarf, er hér einkum og sér horft til safnaðarheimila, skrifstofu presta og kennslurými fyrir trúfræðslu og annað æskulýðsstarf, auk þess sem ákvæðið tæki til endurbygginga kjaustra, þ.m.t. íverustaði reglubræðra og reglusystra.
- 3) Kapólska kirkjan á Íslandi vill jafnframt koma þeim tilmælum á framfæri við efnhags- og viðskiptanefnd að endurgreiðsla á 100% virðisaukaskatti yrði líka látin taka til nýbygginga kirkna hér á landi. Byggir þetta einkum og sér á því að söfnuðir eru ekki virðisaukaskattskyldir aðilar og söfnuðir eins og Kapólska kirkjan á Íslandi eru háðir styrkjum og velvilja safnaðarmeðlima sinna í starfsemi sinni, þar sem einu tekjur safnaðarins eru sóknargjöld. Með því að heimila endurgreiðslu á 100% af virðisaukaskatti á nýbyggingum kirkna þá myndi það létta undir við uppbyggingu safnaðarstarfs í ört vaxandi söfnuði. Er myndi síðan einnig auka verk fyrir iðnaðarmenn, einkum og sér utan höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllst f.h. Kapólsku kirkjunnar á Íslandi

  
Ólafur Kristinsson, LL.M/hdl.